

Alþingi 3.2.2016

Málsnr.: 1509270

Málalykill: 0343

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is  
Ármúla 5 - 108 Reykjavík  
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH15U145.0147  
Dags. 3.2.2016

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 147. mál á 145. löggjafarþingi**

*Tillaga til þingsályktunar um aðskilnað starfsemi fjárfestingarbanka og viðskiptabanka*

Hagsmunasamtök heimilanna styðja eindregið aðskilnað fjárfestingarbanka og viðskiptabanka, og eru því fylgjandi þeirri tillögu sem hér um ræðir. Gerðar hafa verið tilraunir hér á landi með óheftan samrekstur áhættusækinnar fjárfestingastarfsemi og almennrar viðskiptabankastarfsemi, með vægast sagt hörmulegum afleiðingum fyrir þjóðarbúið í heild. Er því full ástæða til þess að sporna við því að slíkir atburðir geti endurtekið sig. Eins og vísað er til í greinargerð með tillögunni eru til söguleg fordæmi um slíkan aðskilnað sem hafa reynst áhrifarík, einkum hin bandarísku lög sem kennd voru við Glass-Steagall frá árinu 1933. Útfærsla á slíkum aðskilnaði nú til dags þyrfti nauðsynlega að taka mið af þeirri þróun sem orðið hefur á fjármálamörkuðum, bæði innlendum og alþjóðlegum, og verða hér nefnd tvö dæmi um slík atriði sem hafa má til hliðsjónar:

Innstæðutryggingar: Einföld og skilvirk leið til þess að knýja á um aðskilnað fjárfestingabanka og viðskiptabanka gæti falist í því að setja það sem skilyrði fyrir aðild að innstæðutryggingakerfinu að bankar sem njóti slíkrar tryggingar stundi ekki samtímis áhættusama fjárfestingastarfsemi.

Veðsetning útlána og skuldakrafna: Færst hefur í aukana að fjármálafyrirtæki veðsetji eignir sínar þ.e. útlán og útlánasöfn, til að mynda með útgáfu sértryggðra skuldabréfa og öðrum fjárhagslegum tryggingaráðstöfunum, til þess að sækja sér lánsfé og auka við skuldbindingar sínar. Slík veðsetning sniðgengur forgang krafna vegna innstæðna samkvæmt svokölluðum neyðarlögum nr. 125/2008, og eykur þannig áhættu innstæðutryggingasjóðs. Einföld og skilvirk leið til að stemma stigu við því gæti falist í því að veita kröfum vegna innstæðna aukna vernd með lögveði í eignum banka.

Almennt eru samtökin hlynnt hinni umræddu tillögu og hvetja til þess að hún verði samþykkt.

- 0 -

Virðingarfyllst, f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna

Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is